

Vélsm.   
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL  
SNÆFELLSBÆ

357. tbl - 8. árg.

19. júní 2008



SPARISJÓÐURINN

Ólafsvík

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

# 17. júní hátíðahöld í Snæfellsbæ



Þjóðhátíðardagurinn var haldin hátíðlegur í Snæfellsbæ eins og annarstaðar á landinu þriðjudaginn 17. júní. Dagskráin hófst með skrudgöngu frá Íþróttahúsi Snæfellsbæjar eftir að unglíngadeildin Drekin hafði séð um andlitsmálun og selt blöðrur og annað sem tilheyrir á 17. júní.

Hátíðardagskráin fór svo fram á Þorgrímsspalli þar sem að Sigrún Ólafsdóttir nýráðinn Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar setti hátíðina en fól svo Brá Atladóttur að kynna dagskrárlíði. Irma Dögg Þorgrímisdóttir flutti ávarp Fjallkonunnar og sr. Magnús Magnússon sá um helgistund ásamt kirkjukórum Ingjaldshóls- og Ólafsvíkurkirkju. Flutt voru atriði úr leikritunum Þengill lærir á lífið og Allt í plati. Sigurður Höskuldsson var útnefndur Bæjarlistamaður Snæfellsbæjar en því verður gerð frekari skil í

næsta tölublaði Jökuls.

Á Sáinu var búið að koma fyrir hoppuköstulum og sölu-tjaldi, einnig var hægt að fara í þrautabraut og vinna sér inn ýmsa vinninga ef vel gekk. Þar var einnig búið að koma fyrir blakneti og var það mikið notað af börnum jafnt sem full-orðnum, vonandi koma bæjarbúar til með að nota netið sem mest á næstunni svo að ástæða sé til að hafa það á þesum stað til frambúðar.

Hestamannafélagið Hringur leyfði börnum að fara á hestbak við Sjávarsafnið en þar var einnig meri með folald sem fangaði athygli gesta.

Sýningar voru í Kaffihúsinu Gamla Rífi og í Pakkhúsinu og að kvöldi 17. júní var svo slegið upp dansleik á Þorgrímsspalli þar sem að hljómsveitin Bít hélt uppi stuði fram eftir kvöldi.

## Nýtt á sölu

### Snæfellsbær

Jörundarflöt 2 er heilsárhús í landi Traðar í Snæfellsbæ (sumarhús í Fróðárhreppi). Það er 51,4 fm auk 24,2 fm svefnlofts. Það er byggt úr timbri 2003 og skiptist í gang, samliggjandi eldhús og stofu, baðherbergi og tvö herbergi. Á baði er tengi fyrir þvottavél og þurkara og þar er sturta og á gólfu eru flisar og einnig er hiti í gólfu. Í herbergi er skápur og í eldhúsi er góð innrétting. Í lofti í stofu og eldhúsi er halogenlýsing. Byggt er yfir hluta sólpallsins sem er umhverfis húsíð og er um 58 fm og undir honum er geymsla. Húsíð lítur allt mjög vel út utan sem innan og frá því er glæsilegt útsýni. Það stendur á eignarlöð.

Ásett verð kr. 17,5 millj.

### Hellissandur

Bárðarár 3 er steinsteyp hús byggt 1968. Það er 136,4 fm á einni hæð. Það skiptist í forstofu, hol og borðstofu, eldhús, þvottahús, geymslu, setustofu þrjú herbergi og baðherbergi. Á baði, forstofu og eldhúsi er dükur á gólfu og gert er ráð fyrir forstofu wc sem nú er nýtt sem geymsla. Í þvottahúsi og geymslu eru flisar og í gólfu er hitaögn og í þvottahúsi er nýlegt innrétting. Á stofunum, holi og herbergjum er nýlegt eikarparket og í svefnherbergi er góður skápur. Allar innihurðir eru nýlegar. Þá eru útihurðir nýlegar sem og allir gluggar og í þeim er k-gler. Húsíð er nýklaett að utan með flisum og báruáli og á milli er harðviður. Nýlegur þakkantur er á húsinu og það lítur vel út. Við húsíð er stór löð.

Ásett verð kr. 21 millj.



Sjá upplýsingar  
um eignir í Snæfellsbæ  
á [valholl.is](http://valholl.is) undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

VALHÖLL  
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurásson, löggiltur fasteignasali,  
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

# Pæjurnar af Nesinu

Stelpurnar í 5. flokki kepptu á dögnum á Pæjumóti í Vestmannaeyjum. Pæjumótið var það best heppnaða hingað til að mati mótshaldara og stóðu okkar stelpur sig með miklum sóma. Snæfellsnes sendi tvö lið til keppni. A-liðið lenti í 9. sæti og B-liðið í því 11. Pæjumótið er án efa sterkasta mót sem haldið er í þessum aldursflokkum og því er árangurinn vel ásættanlegur. Ein verðlaun féllu liðunum í skaut en það voru Háttvísiverðlaun KSÍ sem veitt eru fyrir þróðmennsku og framkomu innan vallar sem utan. Þetta eru eftisótt verðlaun alls hópsins; beggja liða, þjálfara, fararstjóra og foreldra. Okkar hópur kom alls staðar fram sem sterk heild. Enginn tuðaði í dómurum né var með neikvæð upphröp í garð andstæðinga eða samherja. Stelpurnar

gengu syngjandi til hverrar viðureignar og héldu glaðværan hópinn utan vallar. Verðlaun fyrir háttvísi gerir lið Snæfellsness eftirsótt til þátttöku í keppnum og mótum. Einnig náðu þær öðru sæti í hæfileikakeppni sem haldin var á kvöldvöku með frábæru dansatriði sem sást bregða fyrir í kvöldfréttum Sjónvarpsins.

Sólríkt var í Eyjum á meðan mótinu stóð en nokkuð hvasst á köflum. Pæjumótið er einkar vel skipulagt og Eyjammönnum til mikils sóma. Allar tímasetningar stóðust og upplýsingum var miðlað af skilvirkni. Bátsferð fyrir keppendur, góður matur og sérstök fararstjóraferð o.fl. auka mjög á gæði mótsins. Einnig er settur upp leikur landsliðs og pressuliðs keppinnar og átti Snæfellsnes leikmann í pressuliðinu.



Okkar stelpur voru því alsæljar með ferðina sem þjappar þeim enn betur saman og sýnir enn aftur styrk samstarfsins um knattspyrnu á Snæfellsnesi. Einhverjar þessara stelpna eiga vafalaust efir að feta í fótspor Margrétar Láru en mestu skiptir að þær

skemmti sér í íþróttum. Íþróttir snúast ekki bara um kapp og líkamlegt atgervi heldur ekki síst um góðan félagsskap og ljúfar stundir.

Fleiri myndir og úrslit leikja má finna á heimasíðu ÍBV, [www.ibv.is](http://www.ibv.is) undir hnappinum „Pæjumót“



## Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?  
Logar viðvörunarljós í mælaborði?  
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ  
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: [bifreid@mi.is](mailto:bifreid@mi.is)

## RALLY Snæfellsnes

Laugardaginn 5. júlí verður haldið rally á Snæfellsnesi, hluti leiðanna er í Snæfellsbæ.

Óskað er eftir starfsmönnum í sjálfbodaðavinnu við að loka leiðum og/eða tímavörslu.

Áhugasamir hafi samband við Jóhannes í síma 893 5443.

## Léleg þjónusta í Ólafsvík!!!

Fyrir viku síðan var fullorðin frænka mín ásamt nokkrum vinkonum sínum hér í Ólafsvík á ferðalagi. Ætluðu þær að fá sér kaffi og eitthvað gott með því, þær byrjuðu á að koma við í bakaríinu og þar var þeim sagt að það væri verið að loka og ekki væri hægt að þjónusta þeim, þá var klukkan 16:45. Fóru þær þaðan út hissa og lá leið þeirra yfir á hótelið en þar tók ekkert betra við, því miður var ekkert þar að fá. Er þetta hótél sem á að taka á móti gestum eða

hvað...? Var nú Gilið næst og þar gátu þær fengið kaffi en lítið var um meðlæti svo þær ákváðu að fara út á Hellissand til kunningja fólks sem þar býr og auðvitað fengu þær kaffi og meðlæti með því. Því miður vissu þær ekki af kaffihúsinu á Rífi. Voru þessar góðu konur hálf vonsviknar á þessari svokölluðu veitingaþjónustu hér í Ólafsvík og er nú ferðamannatíminn í toppi. Er þetta eitthvað sem við hér í Ólafsvík viljum láta spyrjast út um okkur að eftir klukkan 16:00 sé

ekkert að fá með kaffinu nema í heimahúsum. Kannski góð hugmynd að hafa "heimakaffi" fyrir ferðamenn í sumar og um helgar í vetur. Nei, hvornig væri nú að taka sig saman í andlitinu og bæta úr þessu og

auka þjónustu við svanga ferðalanga. Sjoppurnar eru góðar en stundum vill fólk eitthvað annað en pylsu og prinspolo.

Ásta Guðrún Pálsdóttir.

 **KÆLIVER ehf**  
S:530-3100

Bajarblaðið  
**JÖKULL**  
SNÆFELLSBÆ

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
Sími: 436 1617

 **FASTEIGNASALA SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Malbikunarframkvæmdir



Miklar malbikunarframkvæmdir eru í gangi í Snæfellsbæ þessa dagana, að sögn Smára Björnssonar forstöðumanns tæknideildar Snæfellsbæjar þá er verið að

leggja út u.þ.b. 20.000 fermetra af malbiki á Hellissandi, í Rifi og Ólafsvík en í það fara 3.500 tonn af malbikunarefni.

## Sumarsólstöðuganga á Snæfellsjökul

Á sumarsólstöðum föstudaginn 20. júní býður Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull upp á næturgöngu á Jökulinn og hefst hún kl. 21. Gengið verður frá Jökulhálsi og er leiðin ekki mjög erfið en reynir þó á. Gangan tekur í heild um 4-6 klst. og er góður útbúnaður nauðsynlegur, góðir vatns heldir gönguskór, hlý gönguföt (alls ekki gallabuxur!) og nesti. Mjög gott er að vera með göngulegghlífar og göngustafi. Mæting er við bílastæði við snjóröndina á Jökulhálsi uppfrá Arnarstapa.

Á síðasta ári var fyrsta næturgangan á Jökulinn á vegum þjóðgarðsins og tókst hún

afar vel. Um sextíu manns mættu og var veðrið eins og best verður á kosið. Aldrei er hægt að vita um það fyrirfram en ekki verður farið á Jökulinn nema aðstæður verði góðar. Fólki er því bent á að hafa samband samdægurs eða daginn áður til að kanna stöðuna. Betra er að skrá sig í ferðina.

Leiðsögumaður verður Snævarr Guðmundsson fjalla-leiðsögumaður og ljósmyndari.

Nánari upplýsingar [www.ust.is](http://www.ust.is) í sínum 436 6860 og 436 6888 eða á netfanginu [snæfellsjokull@ust.is](mailto:snæfellsjokull@ust.is). Ekkert þátttökugjald.

## Helgigöngur undir Jökli um Jónsmessu

- næring fyrir líkama og sál

Um Jónsmessu verða gengnar tvær skemmtilegar og notalegar helgigöngur í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og eru þær samstarfsverkefni þjóðgarðsins og Ingjaldshólskirkju. Gengið er á tveimur dögum eftir gömlum þjóðleiðum frá fornum, aflögðum kirkjustöðum að gömlum kirkjustöðum þar sem enn standa kirkjur. Göngustjórar verða Sæmundur Kristjánsson sagnamaður í Rifi, leiðsögumaður og landvörður ásamt fleirum. Margt fróðlegt og skemmtilegt ber á góma s.s. sögur af merkjum atburðum, minnistæðu fólki, helgisagnir og þjóðlegur fróðleikur sem tengist leiðinni og lífi fólks að fornu og nýju. Gengið verður í áföngum, ýmist í þögn eða samræðum.

Mánudaginn 23. júní verður gengið frá rústum bæjarins Saxhóls og að Ingjaldshóli. Rúta fer frá Ingjaldshóli kl. 19:00 að Saxhóli. Þar hefst

gangan kl. 19:30 eftir helgistund og fararblessun og verður gengið fram á Jónsmessunótt. Göngunni lýkur um kl. 2:30 með klukkna-hringingu og stuttri helgistund við sólarupprás við Ingjaldshólskirkju.

Þriðjudaginn 24. júní, á Jónsmessu, hefst seinni áfanginn. Rúta fer kl. 15:30 frá Hellnakirkju og að Djúpalónssandi. Þaðan er stuttur gangur að Einarslóni en þar verður lagt af stað í gönguna um kl. 16:00 eftir helgistund og fararblessun. Gengin verður gamla þjóðleiðin upp til Purkhóla, með Háahrauni, að forna kirkjustaðnum á Laugarbrekku og að Hellnakirkju. Þar lýkur göngunni með næsturmessu um kl. 22:30.

Hægt er að ganga hluta leiðanna eftir því sem orka leyfir. Nauðsynlegt er að hafa drykkjarvatn með sér sem og annað nesti. Ekkert þátttökugjald.



## Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · [www.bylgja.is](http://www.bylgja.is) · Neff. [bylgja@bylgja.is](mailto:bylgja@bylgja.is)



## HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · ☎ 436 1362

**HAMBORGARATILBOÐ**  
fyrir einstaklinga og fjölskyldur



Firma ubezpieczeniowa Vis Ólafsvík

Szanowni klienci

Od poniedziałku 23 czerwca do 4 lipca biuro ubezpieczeniowe Vis w miejscowości Ólafsvík będzie zamknięte.

W razie potrzeby prosimy o kontakt pod numerem telefonu 560 5073 lub 893 4718.


Pétur Steinar Jóhannsson  
Kierownik usług Vis

**Þín verslun**

Nýr kjöttíloð hefst á fimntaðögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tílboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Höfnartanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 Fax 436-1346  
meil. [kassinn@jokulverslun.is](mailto:kassinn@jokulverslun.is)



FJÖLBRAUTASKÓLI  
SNÆFELLINGA

## Stuðningsfulltrúar

Fjölbrautaskóli Snæfellinga óskar að ráða stuðningsfulltrúa í þrjár 100% stöður skólaárið 2008-2009. Störfin felast í stuðningi og aðstoð við nemendur á starfsbraut. Leitað er að starfsmönnum sem hafa góða samskiptahæfileika og hafa áhuga á að vinna með ungu fólki. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið stúdentsprófi.

Laun greiðast eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Ráðið verður í stöðurnar frá 15. ágúst 2008.**

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Guðbjörgu Aðalbergsdóttur skólameistara, Grundargötu 44, 350 Grundarfirði eða á netfangið [gudbjorg@fsn.is](mailto:gudbjorg@fsn.is) í síðasta lagi 27. júní 2007. Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á vef skólans [www.fsn.is](http://www.fsn.is) eða hjá skólameistara (sími: 864-9729 netfang: [gudbjorg@fsn.is](mailto:gudbjorg@fsn.is)).

Skólameistari



## Jónsmessumót

Föstudaginn 20. júní verður haldið Jónsmessumót, mæting kl. 19:00, ræst á öllum teigum kl. 20:00.

Maður og kona saman í liði.

Vanir sem óvanir hvattir til að mæta - Frítt fyrir konur. Spilaðar verða 9 holur.

Teiggjafir fyrir konur frá Apóteki Ólafsvíkur.

Verðlaun frá Apóteki Ólafsvíkur, Blómaverki og Hobbitanum.

Þátttökugjald kr. 1.500 - Frítt fyrir konur.

Hvetjum fólk til að mæta og kynnast þessari yndislegu íþrótt, gólfsettaeign ekki nauðsynleg en æskileg.

ATH lífsvökvi leifður í þessu eina móti.

## HEIM-SENDIR

Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími: 431 5613 - netfang: [vorur@simnet.is](mailto:vorur@simnet.is)

Lauga: 895 5613 - Halli: 899 5613 - Viðir: 899 5624



Vöruafgreiðsla að Skútuvogi 13

Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Ferðir alla virka daga frá Norðurtanga 1 í Snæfellsbæ kl. 10  
og frá afgangi að Skútuvogi 13 í Reykjavík kl. 17

## Fjölbreytt þjónusta



Köfun

STEINSÖGUN

Stillasa (Verkpalla)  
leiga

Kerruleiga

## Sumarsólstöður og Jónsmessa í þjóðgarðinum Snæfellsjökli



Ljósmynd: Svavarr Guðmundsson, tekin í nærtungu á Jökulinn s.l. sunn.

Ganga á Snæfellsjökul um sumarsólstöður föstudaginn 20. júní kl. 21.

Gengið verður frá Jökulhálsi. Leiðsögumaður verður Svavarr Guðmundsson fjallaleiðsögumaður. Ferðin í heild er um 4-6 klst. Mæting er við bílastæði við srjúðróðina á Jökulhálsi uppfrá Arnarstapa. Þetta er að skrá sig í ferðina.

Góður útbúnaður er nauðsynlegur. ATH Ekki verður farið á Jökulinn nema aðstæður verði góðar svo fólk er bent á að hafa samband áður.

Heligöngur undir Jökli í samstarfi við Ingjaldhólskirkju

Göngustjórar verða Sæmundur Kristjánsson og fleiri. Á leiðinni sjá þeir um skemmtilegar og notaðlegar sögu- og helgistundir. Gengið verður í áföngum, ýmist í þögn eða samræðum.

**Jónsmessumót. Mánudag 23. júní kl. 19:00** fer rúta frá Ingjaldshóli að Saxhóli. Þar hefst gangan kl. 19:30. Gengin verður gamla þjóðleiðin um Prestahraun. Göngurni lýkur um kl. 2:30 með klukknaðringingu og stutttri helgistund við sólarupprás við Ingjaldshólskirkju.

**Jónsmessa. Þriðjudag 24. júní kl. 15:30** fer rúta frá Helliskirkju og að Djúpalórssandi. Þaðan er stuttur gangur að Einarhláni þar sem lagt verður af stað í gönguna um kl. 16:00. Gengin verður gamla þjóðleiðin upp til Purkhóla, með Háshrauni, að forna kirkjustaðnum á Laugarbrekku og að Helliskirkju. Þar lýkur göngunni með næturmessu um kl. 22:30.

Nánari upplýsingar í sínum 436 6860 og 436 6888 eða á netfanginu [snæfellsjokull@ust.is](mailto:snæfellsjokull@ust.is). Sjá [ust.is](http://ust.is). Ekkert þátttökugjald.